

**Læsi er einn af grunnþáttum menntunar  
samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla**



# Skilgreining á læsi

- Almenn þröng skilgreining: Færni í að geta lesið ritað mál og skilið það (að vera læs og skrifandi).
- Víðari skilgreining í dag sem hefur fengið viðbótina að geta skilið umhverfið sitt og nýtt sér fjölbreytta möguleika í samskiptum

Læsi snýst um það að vera að fást við **tungumálið**

# Af hverju er læsi mikilvægt ?

- Til að hafa ánægju af að lesa
- Til að halda samböndum við ættingja og vini
- Til að sækja og nota upplýsingar
- Til að kynnast heiminum

# Lestur er flókið ferli og byggist upp á mörgum færniþáttum sem vinna saman.

- Orðaforði
- Samskiptahæfni
- Reynsla af lestri
- Þekking og áhugi á lestri
- Ályktunarhæfni
- Þekking á umhverfinu
- Tungumálið
- Málþroski

# Læsi felur í sér tvo meginþætti:

- Umskráningu- tæknilega hlið lestursins- vinna með tengsl stafs og hljóðs og geta tengt saman hljóð bókstafanna í í orð
- Málskilning - að vera fær um að skilja innihald og boðskap ólíkra texta. Þetta byggist mikið á fyrri þekkingu lesandans s.s orðaforða, málvitund, ályktunarhæfni o.fl

Báðir þessir þættir eru jafn mikilvægir og hafa jákvæð áhrif hvor á annan og mynda órofa heild

Lesskilningur er afrakstur þessara tveggja þátta.

# Hvernig verður barnið læst?

- Grunnurinn að lestrarnámi barna er lagður áður en barnið byrjar í grunnskóla
- Gerist ekki í einu vetfangi heldur í þrepum
- Best að byrja frá unga aldri að þjálfva undirstöðupætti læsis sem eru umskráningin og málskilningurinn
- Ótal krefjandi færniþættir sem börn fást við.

# Leikni í lestri byggist á:

- Sjálfvirkni og lesfimi

Markmiðið er að lesa texta fyrirhafnarlaust og skilja hann.

Þjálfaður fyrirhafnalaus lestur felur oftast í sér óhindraðan lesskilning ef **málskilningur** er í lagi.

Góður lesari les orð sem **heildir**

# Lestranámið byggist á því að barnið verður að öðlast:

- Skilning á því að vinna með tengsl stafs og hljóðs-lögmál bókstafanna
- Vitund og næmni fyrir því að töluð orð eru sett saman úr stökum hljóðum sem táknuð eru með bókstöfum
- Aðgang að nægilegum orðaforða af rituðum og töluðum orðum

**umskráning- málskilningur**



# Hvað einkennir góðan lesara?

- Góð hljóðavitund- meðvitund um málhljóðin t.d að einangra stök hljóð orða s-ó-l
- Góður málskilningur
- Góð lesfimi – sjálfvirknin

Lestrarörðugleikar geta komið fram í öllum þessum þáttum.

# Dyslexia/ lesbömlun

- Rannsóknir staðfesta að dyslexia/lesblindar stafi af erfiðleikum við að umskrá orð. Það stafar af taugafræðilegum veikleika í hljóðkerfisþætti tungumálsins. Þessi veikleiki erfist oft milli kynslóða,

# Umskráningarpátturinn er forsenda og í því felst:

- Bókstafapekking- tengsl stafs og hljóðs. Hvernig bókstafir standa fyrir hljóðum í tungumálinu
- Hljóðkerfisvitund- að greina talmálið í smærri einingar t.d orð, atkvæði/samstöfur og stök hljóð. Hæfni barna til að meðhöndla hljóð í töluðum, orðum
- **Veikleiki í hljóðkerfisvitundinni er afgerandi þáttur dyslexiu.**

# Hvað er til ráða ?

- Vinna með hljóðavitund barna (hljóðaaðferð) sem byggir á vitundinni að talað mál er hægt að sundurgreina í stök hljóð
- Vinna með hljóðkerfisvitundina (yfirheiti hljóðavitundar). Að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar. Góð hljóðkerfisvitund felst í því að hafa góða tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum málsins.
- Vinna með stafina þannig að barnið þekkir þá alla fullkomlega. Getu þekkt þá hratt og án umhugsunar.

- Nauðsynlegt er að leggja rækt við hljóðkerfisvitundina áður en formlegt lestrarnám hefst og einnig samhliða því.
- Þjálfun hljóðkerfisvitundar á leikskólum leggur mikilvægan grunn að lestrarfærni í grunnskólum

- Hljóðkerfisvitund þróast með tímanum
- Rannsóknir undanfarna þrjá áratugi gefa til kynna að enginn einn þáttur í lestrarnáminu hefur eins sterk tengsl við lesturinn og hljóðkerfisvitundin
- Hæfni í hljóðkerfisvitund hefur forspárgildi varðandi lestrarerfiðleika
- Snemmtæk íhlutun mikilvæg

# Æfingar –hljóðkerfisvitund og hljóðavitund

- 2-3 ára: Rím, barnavísur, bullrím, læra vísur og einfalda söngva, skoða/hlusta á bækur
- 3-5 ára: Para orð sem ríma, vinna með forhljóðin, flokka orð með sömu forhljóðin, klappa orð eftir samstöfum, hlusta eftir hljóðum (er a í afi), telja orð í setningum
- 5-6 ára. Sundurgreining. S-ó-l,

# Stafaleikir

- ◉ Hafa stafina upp á vegg
- ◉ Eiga stafaöskju
- ◉ Kubbastafi
- ◉ Stafaleikir –tölvur
- ◉ Stafabækur
- ◉ Leira stafi
- ◉ Mála stafi



# Góður málskilningur

- ◉ Góð þekking á málinu
- ◉ Góður orðaskilningur

Þetta hefur áhrif á lesskilninginn

Nauðsynlegt er að hafa góðan aðgang að orðaforða af rituðu og töluðu máli. Það stuðlar að auknum málþroska og málskilningi

# Æfingar sem styrkja málskilninginn

- Tala við börnin-samræður
- Syngja og kenna börnum lög/vísur
- Hvetja börnin til að segja frá atburðum og sögum
- Lesa fyrir börnin sögur eða bækur sem innihalda litríkan texta og orðaforða
- Ræða og útskýra lesefnið jöfnum höndum
- Spyrja börnin spurninga um innihaldið eða í kringum það

- Fá börnin til að giska á framhald og/eða endi sögunnar
- Skoða með börnunum bókarkápunaspá í innihald o.fl.
- Efla áhuga á bókum
- Verum fyrirmynd barnanna
- Kenna þeim hugtök og orð t.d stafur, orð, setning, punktur, blaðsíða, lína o.fl

- Rannsóknir hafa sýnt fram á að lestur fyrir börn á heimilum eykur áhuga og eflir læsi
- Lestrarmenning á heimilum skiptir sköpum fyrir viðhorf barna til lesturs. Hversu mikið þau sjá t.d. aðra á heimilinu lesa og gott aðgengi að bókum skiptir máli.
- Samskipti í lestrarstundum á heimilum sem einkennast af hlýju, stuðningi, gleði og hvatningu styrkja tengsl milli foreldra og barna og örvar félagslega stöðu þeirra
- Samræður um efni bóka, ígrundun, ályktun o.fl. eykur skilning og málproska. Eflir einnig orðaforða sem skiptir miklu máli fyrir læsi.

# Lestur fyrir börn skiptir máli!

◎ Gangi ykkur vel.







